

SAMSTARFSSAMNINGUR HÁSKÓLA ÍSLANDS OG ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1. Inngangur

Aðilar samnings

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039, og Þjóðminjasafn Íslands (ÞJMS), kt. 710269-2389.

Forsendur samstarfsins

Samningur þennan gera aðilar til þess að skilgreina samstarf sín á milli í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 140/2011. Samstarfið byggist á eftirfarandi forsendum:

- a) ÞJMS er háskólastofnun sem er miðstöð varðveislu og rannsókna menningarminja og miðlunar á hvers konar þekkingu sem lýtur að sögu þjóðarinnar.
- b) HÍ veitir nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu og stunda rannsóknir í þágu íslensks samfélags.
- c) Kennsla og rannsóknir innan HÍ tengjast starfsemi ÞJMS.

Markmið og hlutverk samningsaðila

Með samstarfinu vilja samningsaðilar samnýta sem best sérþekkingu og kunnáttu, þá sem þeir búa yfir, og enn fremur efnivið og aðstöðu, í þágu eftirfarandi markmiða:

- Efla fræðilega og verklega menntun nemenda á þeim verksviðum sem samningurinn tekur til, með markvissu starfsnámi.
- Styrkja menntun nemenda í greinum á starfssviði ÞJMS.
- Efla rannsóknir og kynningu á menningarminjum þjóðarinnar.
- Tryggja gæði rannsóknastarfs hjá báðum stofnunum.

2. Gildistími

Samningurinn er gerður til fimm ára og tekur við af samningi aðila frá 1. september 2010. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum með sameiginlegri ákvörðun samningsaðila á vettvangi samstarfsnefndar, sbr. 4. grein. Þegar liðin eru þrjú ár af samningstímanum skal með samþykki beggja aðila fara fram úttekt á framkvæmd samningsins og mat á því hvort og hvernig markmiðum hans hafi verið náð.

3. Gildissvið

Samningur þessi nær til samstarfs HÍ og ÞJMS og kveður á um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa.

Verði breytingar á innra stjórnskipulagi samningsaðila skulu ákvæði samningsins eiga við um nýja eða breytta skipan, nema sérstaklega sé um annað samið.

4. Skipan og störf samstarfsnefndar

Í samstarfsnefnd um málefni samningsins og samskipti samningsaðila sitja fimm fulltrúar: Þjóðminjavörður, sem er formaður, forsetar Hugvísindasviðs og Félagsvísindasviðs, einn fulltrúi HÍ tilnefndur af rektor og einn fulltrúi ÞJMS tilnefndur af þjóðminjaverði.

Hlutverk samstarfsnefndarinnar er:

- Að ábyrgjast framkvæmd samningsins og fylgja eftir ákvörðunum er honum tengjast.

- Að eiga frumkvæði að mótun verklagsreglna á grundvelli ákvæða samningsins.
- Að efna til fundar annað hvert ár um þróun samstarfsins með starfsmönnum beggja stofnana.
- Að efna til fræðilegrar ráðstefnu eða málþings annað hvert ár á þeim sviðum sem samningurinn tekur til.
- Að eiga frumkvæði að gerð úttektar á framkvæmd samningsins, sbr. 2. gr.
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

Samstarfsnefndin skal funda reglulega, eigi sjaldnar en einu sinni á misseri. Ákvarðanir og aðrar niðurstöður mála skulu færðar í fundargerð sem staðfest skal vera af nefndarmönnum. Samstarfsnefndin setur sér nánari starfsreglur ef þurfa þykir.

Með nefndinni starfar verkefnastjóri, sbr. 9. gr. Um starfið skal semja sérstaklega. Fulltrúi ÞJMS er ritari nefndarinnar. Verkefnastjóri skal vera tengiliður samningsaðila og starfa með fulltrúa ÞJMS að framkvæmd samningsins í umboði samstarfsnefndar.

5. Rannsóknasamstarf

Á grundvelli stefnumörkunar um vísindastarf beggja stofnana munu aðilar samningsins móta sameiginlegar áherslur um rannsóknasamstarf. Markmið þeirrar vinnu er að efla akademískt rannsóknastarf beggja stofnana, m.a. með málþingum, ráðstefnuhaldi, öflun styrkja, samvinnu um rannsóknaverkefni, útgáfu og annarri miðlun.

Starfsmenn ÞJMS birta ritrýndar niðurstöður af rannsóknastörfum sínum sameiginlega í nafni ÞJMS og HÍ. Sama gildir um starfsmenn HÍ þegar þeir birta niðurstöður úr rannsóknum sem tengjast ÞJMS.

6. Kennsla og nemendur

Áhersla skal lögð á að treysta samstarf HÍ og ÞJMS um rannsókn- og starfsnám og um námskeið á sameiginlegum sviðum. Sérstaklega skal hugað að þessu samstarfi við gerð kennsluskrár, t.d. þannig að starfsmönnum ÞJMS gefist færi á að leggja fram hugmyndir um málstofur eða annað kennsluframlag til samstarfsgreina við HÍ og jafnframt til verkefnastjóra samstarfsins. Þeir geta einnig tekið að sér að leiðbeina nemendum við lokaverkefni í HÍ, enda uppfylli þeir fagleg skilyrði til þess og fyrir liggi samþykki viðkomandi deildar.

Samstarfsnefnd kannar, ekki síðar en í október ár hvert, þörf HÍ fyrir kennslu og svigrúm ÞJMS til að mæta henni og gerir á grundvelli þess tillögu að kennsluframlagi starfsmanna ÞJMS við HÍ. Sömmuleiðis kannar samstarfsnefnd þörf ÞJMS á framlagi starfsnema. Gert er ráð fyrir sambærilegu vinnuframlagi samstarfsstofnana, en að lágmarki 10 nemendur á ári í skilgreind verkefni 9 vikur eða lengur í senn. Verkefnastjóri samstarfsins ber ábyrgð á gagnaöflun, framkvæmd og eftirfylgni samninga um kennsluframlag ÞJMS og er tengiliður vegna starfsnáms. Að lágmarki tíu nemendur fái aðstöðu til starfsnáms hjá ÞJMS undir leiðsögn sérfræðings. ÞJMS mun skilgreina 10 vinnustöðvar til starfsnáms í því skyni og leiðbeinendur á hvern nemanda. Þar af t.d. 4 í skráningu og meðhöndlun safngripa, 2 í leiðsögn og móttöku safngesta, 2 í sýningagerð og 2 í safnfræðslu (frá Menntavísindasviði).

7. Miðlun

ÞJMS og HÍ skuldbinda sig til að standa sameiginlega að miðlun með eftirfarandi hætti:

- *Útgáfa.* HÍ og ÞJMS hvetja starfsmenn sína til samstarfs um verkefni og birtingar. ÞJMS og starfsmenn þess hafa fullan aðgang að Háskólaútgáfunni, til jafns við deildir og starfsmenn HÍ, til útgáfu ritrýndra fræðirita.
- *Sýningar.* ÞJMS býður starfsmönnum HÍ að senda inn tillögur að sýningum, er tengjast safnkosti eða sameiginlegum verkefnum, til sýninganefndar safnsins. Verkefnastjóri hefur umsjón með að kynna skilafrest tillagna fjórum sinnum á ári og situr fundi sýningarnefndar þegar það á við. ÞJMS og HÍ gera með sér samstarfssamning fyrir hverja sýningu sem unnið er að í sameiningu, þar sem m.a. er kveðið á um skiptingu kostnaðar enda verði sýningar í nafni beggja stofnana.
- *Fyrirlestrar.* Starfsmenn HÍ halda opinbera fyrirlestra árlega í fyrirlestraröð ÞJMS, sem haldin er á hverjum vetri um svið sem snerta starfsemi safnsins. Starfsmenn ÞJMS eiga kost á að halda opinbera fyrirlestra á ráðstefnum og í fyrirlestraröðum HÍ. Verkefnastjóri er tengiliður og aðstoðar við skipulagningu þeirra eftir atvikum.
- *Miðlun nemenda.* ÞJMS gefur nemendum við HÍ, sem vinna að verkefnum í tengslum við safnkost þess, a.m.k. einu sinni á ári tækifæri til miðlunar á rannsóknum sínum í samstarfi við ÞJMS, hvort sem er með sýningu, fyrirlestri eða annarri miðlun. Starfsfólk HÍ beinir hugmyndum og tillögum til verkefnastjóra, sem kemur þeim áfram til afgreiðslu sýninganefndar eða miðlunarsviðs ÞJMS.
- *Sérfræðileiðsagnir.* HÍ veitir ÞJMS allt að fimm sérfræðileiðsagnir á ári um sýningar og/eða aðra þætti á starfsviði safnsins. Að vali viðfangsefna og skipulagi leiðsagna verður staðið í nánú samstarfi við starfsmenn ÞJMS.

8. Innviðir

Sérstaklega verður hugað að samnýtingu innviða beggja stofnana með þessum samningi og er lítið svo á að hér sé um samlegðaráhrif að ræða sem geta komið báðum stofnunum til góða. Samkvæmt þessum samningi verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi á samningstímabilinu:

- ÞJMS mun veita starfsmönnum HÍ aðgang að safnkostinum, í samræmi við verklagsreglur ÞJMS, til rannsókna, kennslu og útgáfu og tryggja þeim lesaðgang að innri vef gagnasafnsins Sarps. Rannsóknargögnum um safnkostinn og niðurstöðum rannsókna verði bætt við skráningar í Sarpí í samræmi við verklagsreglur um skráningu í Sarp.
- ÞJMS veitir starfsmönnum HÍ aðgengi að myndum Ljósmyndasafns Íslands í ÞJMS fyrir myndbirtingar í fræðilegum útgáfum eða við kennslu og er greitt skv. gjaldskrá þar sem tilgreindur er afsláttur til starfsmanna HÍ, sambærilegur við þann sem veittur er öðrum söfnum.
- ÞJMS mun bjóða starfsmönnum og nemendum árskort að safninu með 25% afslætti.
- Grunnemar í HÍ fá ókeypis aðgang að safninu gegn framvísun nemendaskírteinis. Sama gildir um aðra nemendur sem vinna að verkefnum sem tengjast sýningum safnsins, gegn framvísun nemendaskírteinis og með tilvísun frá kennara.
- HÍ annast ráðgefandi grunnmat og akademískt mat sérfræðinga ÞJMS við nýráðningu.

- HÍ mun bjóða upp á aðstöðu fyrir starfsmenn ÞJMS til að sinna tímabundnum verkefnum. ÞJMS mun einnig bjóða upp á aðstöðu fyrir starfsmenn HÍ sem sinna tímabundnum rannsóknum á safninu skv. nánara samkomulagi.
- Skrifstofa rektors HÍ fær aðgang að fundaraðstöðu í ÞJMS, m.a. í safnhúsinu við Suðurgötu og Safnahúsinu við Hverfisgötu, án endurgjalds.
- HÍ veitir starfsmönnum ÞJMS aðgang að íþróttahúsi HÍ, á sömu skilmálum og með sömu kjörum og gilda um starfsfólk HÍ.
- HÍ veitir starfsmönnum ÞJMS aðgang að mötuneyti á sömu kjörum og gilda um starfsfólk HÍ, á kostnað ÞJMS.
- HÍ býður ÞJMS samvinnu við að koma upp sameiginlegu tölvukerfi, svo sem með tengingu ÞJMS við eduroam, en einnig að stuðla að því að ÞJMS gefist kostur á að nýta hugbúnaðarpakka sem HÍ kaupir til eigin nota, felist í því hagræðing.
- Starfsfólk HÍ er heimilt að koma með tillögur fyrir rita- og bóka kaup bóka- og heimildasafns ÞJMS, á þeim sérsviðum sem safnið sinnir. Þeim verður sinnt eftir því sem föng eru á.

9. Starfstengsl – starfsmannamál

Þjóðminjavörður gegnir akademísku gestastarfi við háskóladeild án kennsluskyldu í samræmi við hæfnismat, sbr. verklagsreglur um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands.

Heimilt er að tengja störf fastra kennara HÍ starfi á ÞJMS í samræmi við 26. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Samstarfsnefndin mun eftir atvikum skilgreina slík tengd störf. Miðað er við að slíkir starfsmenn, sem hafa starfsaðstöðu í ÞJMS, eigi kost á að sitja starfsmannafundi ÞJMS og hafi þar málfrelsis- og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Stefnt er að því að festa samstarfið enn frekar í sessi með sameiginlegum akademískum störfum hjá HÍ og ÞJMS. Um slík störf skal semja sérstaklega.

Undir tengd störf falla eftirfarandi störf, sem þegar hefur verið samið um:

- Starf í fornleifafræði við ÞJMS og Sagnfræði- og heimspekideild HÍ
- Starf í menningarsögu við ÞJMS og Sagnfræði- og heimspekideild HÍ
- Starf í safnafræði við ÞJMS og Félags- og mannvísindadeild HÍ

Stefnt er að eftirtöldum sameiginlegum störfum á gildistíma samningsins.

- Starf í þjóðfræði við ÞJMS og Félags- og mannvísindadeild HÍ
- Starf kennt við dr. Matthías Þórðarson.

Rannsóknarstaða sem kennd er við dr. Kristján Eldjárn er við ÞJMS. HÍ fær sæti í valnefnd um ráðningu í rannsóknarstöðuna. Staðan er staðsett er við ÞJMS.

10. Fjárhagsleg samskipti

Samningsaðilar eru sammála um að fjárhagsleg samskipti og ákvarðanir um störf og verkefni, sem gert er ráð fyrir í samningnum, verði milli stofnananna, þó að um sé að ræða sérhæfð verkefni einstakra starfsmanna.

Fyrir kennslu og leiðbeiningu starfsmanna ÞJMS við HÍ skal greitt í samræmi við klukkustundafjölda sem ætlaður er til kennslu, undirbúnings, prófavinnu, leiðbeiningar og annarra atriða skv. reglum HÍ. Fyrir hverja klukkustund skal HÍ greiða ÞJMS dagvinnulaun starfsmanns að viðbættum launatengdum gjöldum.

Rannsóknastig starfsmanna ÞJMS renni til deilda HÍ í samræmi við staðsetningu fagsviða starfsmanna ÞJMS innan HÍ. Verkefnastjóri samstarfsins gerir árlega yfirlit yfir þessa skiptingu á grundvelli niðurstöðu vinnumats og leggur fram til samþykktar í samstarfsnefnd.

Að því marki sem ekki er um annað samið greiðir hvor aðili um sig sinn kostnað af framkvæmd samningsins eða framkvæmd einstakra verkefna. Samið skal fyrirfram um skiptingu kostnaðar vegna aðkeyptrar þjónustu eða um annan sérstakan kostnað sem samningsaðilar þurfa að leggja í og telst ekki vera hluti af almennum daglegum rekstri samningsaðila.

11. Mælanlegur árangur

Lögð verður sérstök áhersla á mælanlegan árangur af samstarfinu með eftirfarandi hætti:

- Sameiginlegum fundi á hverju ári, svo sem fundum og ráðstefnum.
- Sameiginlegum rannsóknarverkefnum og umsóknum í rannsóknasjóði.
- Samantekt um árlegt framlag starfsmanna og nemenda við HÍ til rannsókna á safnkosti og þátttöku í gerð sýninga við ÞJMS.
- Samantekt um árlegt framlag starfsmanna ÞJMS til kennslu, og þátttöku nemenda HÍ í starfsnámi hjá ÞJMS.

12. Kynning og almenn umfjöllun

Samningsaðilar munu koma sameiginlega fram í málefnum þessa samnings og leggja sig fram um að styrkja þær fræðigreinar sem samningurinn lýtur að og efla starfsemi beggja stofnana á sviðinu.

Í allri almennri umfjöllun um málefni samningsins og verkefni sem honum tengjast skal tryggt að beggja samningsaðila sé getið.

13. Önnur atriði

Þjóðminjavörður, eða fulltrúi hans, á sæti á háskólaþingi HÍ.

Undir samning þennan, sem háskólaráð hefur staðfest, rita rektor Háskóla Íslands og þjóðminjavörður.

Reykjavík, XX. xxx 2016

Fh. Háskóla Íslands

Fh. Þjóðminjasafns Íslands

Jón Atli Benediktsson
rektor

Margrét Hallgrímsdóttir
þjóðminjavörður